

Leiðbeiningar um val í INNU til nema í starfs- og verknámi

FYRSTA SKREF

1. Til að komast í INNU þarftu að hafa notandanafn og aðgangsorð. Notandanafnið er kennitalan þín og ef þig vantar aðgangsorð geturðu sótt það með því að smella á „gleymt lykilorð“, þá færðu nýtt lykilorð sent í tölvupósti.
2. Upplýsingar um þá áfanga sem eru í boði og framvindu í verknámi og bóknámi er að finna á heimasíðu skólans, www.misa.is, en hafa einnig verið sendar nemendum í tölvupósti.
3. Þú getur prentað út eða skrifað niður hvaða áfanga þú vilt taka á næstu önn af þeim sem í boði eru. Þú getur líka skoðað hvaða áfangar eru á þinni braut á heimasíðu skólans (undir Námið – Brautir).
4. Þú átt að velja samkvæmt leiðbeiningum um áfanga í boði í starfs- og verknámi.
5. Lítið svigrúm er fyrir valáfanga á verk- og starfsnámsbrautum.

ANNAÐ SKREF

1. Opnaðu INNUNA frá heimasíðu skólans. Stundataflan þín kemur upp
2. Smelltu á NÁMSFERILL (á borðanum vinstra megin)
3. Smelltu á SKRÁ ÁFANGA (grár hnappur, ofarlega, hægra megin)
4. Staðfestu að önnin sé rétt, **20162** Dagskóli (Velja)
5. Skráðu einn áfanga í einu. Veldu áfangann, aðeins eru sjáanlegir þeir áfangar sem eru í boði.
6. **Tilgreindu** uppbyggingu, áfangarnir eru allir í **KJARNA**
7. Veldu AÐALVAL eða VARAVAL
8. Smelltu á NÝSKRÁ
9. Ef þú gerir villu eða þarft að eyða áfanga: Smelltu á áfangann og veldu EYÐA. Ef þú vilt eyða öllu og byrja upp á nýtt: Smelltu á NÁMSFERILL og svo EYÐA ÁÆTLUN (efst í hægra horni)
10. Ath. allir **nema nemendur** í vélstjórn þurfa að velja íþróttir!

Nemendur geta leitað aðstoðar hjá námsráðgjafa eða áfangastjóra við valið. Það er mikilvægt að allir nemendur sem ætla sér að stunda nám í skólanum á vorönn velji áfanga til að vera með í pottinum þegar stundataflan er gerð.

Vali þarf að vera lokið í síðasta lagi **miðvikudaginn 6. apríl**.

Nemendur sem ekki ætla að vera við nám í MÍ haustið 2016 þurfa að láta áfangastjóra vita með tölvupósti á netfangið heidrun@misa.is

Gangi þér vel, áfangastjóri